Nr. 25.
4.
desbr.

Lög

um

breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr

Í stað sýslunefnda þeirra, sem nefndar eru í lögum 8. jan. 1886, veitist lánið amtsráði vesturamtsins. Skal það verja það til að eyða flugvargi þeim, er æðarfugli grandar á Breiðafirði og við Strandaflóa samkvæmt reglum þeim, er æðarræktarfjelagið á Breiðafirði og við Strandaflóa setur og amtsráðið samþykkir.

2. gr.

Endurgjaldinu verður jafnað niður á varpjarðirnar á Breiðafirði og við Strandaflóa, og fer um niðurjöfnunina samkvæmt fyrirmælum 2. gr. í tjeðum lögum, og standi sýslumaður amtsráði skil á gjaldinu fyrir 11. júní, en amtsráðið láki því tafarlaust í landssjóð.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. desember. 1886.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S)

J. Nellemann.

Lov

Nr. 25.
4de
Decbr.

om

Forandring i Lov 8de Januar 1886 om Laan af Reservefonden til Sysselkommuner til Ophjælpning af Ederfuglevarp.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov

§ 1.

I Stedet for de i Lov af 8de Januar 1886 nævnte Sysselforstanderskaber tilstaas det der omhandlede Laan Amtsraadet for Vesteramtet, der skal anvende samme til Udryddelsen af de Rovfugle, som angribe Ederfugle i Breidabugten og ved Strandafloi, overensstemmende med de Regler, som Selskabet til Ophjælpning af Ederfuglevarp i Breidabugten og ved Strandafloi vedtager og Amtsraadet stadfæster.

§ 2.

Tilbagebetalingen paalignes samtlige Ederdunsjorder i Breidabugten og ved Strandafloi overensstemmende med Forskrifterne i fornævnte Lovs § 2, hvorefter de paalignede Bidrag erlægges af vedkommende Sysselmand inden 11te Juni til Amtsraadet, der ufortøvet indbetaler samme til Landskassen.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 4de December 1886.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.